

# Héraðsdómur Suðurlands

Dómur 27. mars 2026

Mál nr. S-466/2025:

## Ákærvaldið

(Ólafur Hallgrímsson fulltrúi)

## gegn

## Þór Magnússyni

(Sveinn Andri Sveinsson lögmaður)

### Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var að lokinni aðalmeðferð 4. mars sl., var höfðað með ákæru, útgefni af lögreglustjóranum á Suðurlandi þann 12. september 2025, á hendur Þór Magnússyni, [...],

„fyrir umferðarlagabrot með því að hafa, sunnudaginn 4. maí 2025, ekið bifreiðinni [...] sviptur ökurétti, undir áhrifum áfengis og óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóðsýni mældist vínandamagn 0,96%, amfetamín 250 ng/ml og kókaín 35 ng/ml) um Grenigrund á Selfossi, þar sem lögregla hafði afskipti af ákærða.

Telst háttsemi þessi varða við 1., sbr. 2. mgr. 49. gr., 1., sbr. 2. mgr. 50. gr. og 1. mgr. 58. gr., sbr. 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

M: 318-2025-00xxxx

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta sviptingu ökuréttar skv. 99. gr. og 101. gr. laga nr. 77/2019.“

Ákærði neitar sök. Af hálfu ákærða er krafist sýknu af öllum kröfum ákærvaldsins og að allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

### Málsatvik

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu voru lögreglumenn nr. H1859 og H1868 á leið sinni á lögreglustöðina á Selfossi þegar lögreglumaður nr. H1859 fékk símhringingu frá

lögreglumanni á frívakt þar sem hann kvaðst hafa séð ákærða undir stýri á bláum Jaguar í annarlegu ástandi. Hafi lögreglumennirnir þá farið að svipast um eftir bifreiðinni, en fengið annað símtal frá framangreindum lögreglumanni þar sem hann kvaðst hafa séð bifreiðina beygja inn Grenigrund. Hafi lögreglumenn nr. H1859 og H1868 farið þangað og séð bifreiðina staðsetta þar hjá leikvelli ásamt ákærða, sem ekki hafi verið inni í bifreiðinni heldur staðsettur nokkrum metrum frá henni. Lögreglumennirnir hafi þá gefið sig á tal við ákærða, sem hafi verið í annarlegu ástandi, með útvíkkaða augasteina og ör. Hann hafi alfarið neitað að hafa ekið bifreiðinni, en skýrt svo frá að vinur hans hafi verið undir stýri og ákærði sjálfur hafi verið farþegi. Vinur ákærða hafi ekki verið sjáanlegur á vettvangi, en þá hafi ákærði hringt í „meintan vin“ sem ekki hafi svarað símanum. Samkvæmt skýrslunni hafi ákærða þá verið tilkynnt að hann væri grunaður um að hafa ekið bifreið undir áhrifum vímuefna og lyfja. Hafi hann verið handtekinn kl. 16:18, en veitt nokkurn mótþróa við flutning sinn á lögreglustöðina á Selfossi.

Ákærði hafi blásið í Intoximeter áfengismæli kl. 16:31, sem hafi gefið niðurstöðuna 0,88% promille. Skömmu síðar hafi hjúkrunarfræðingur framkvæmt blóðsýnatöku á ákærða, eða kl. 16:45, en að henni lokinni hafi ákærði verið látinn laus. Þá hafi við uppflettingu í kerfum lögreglu komið í ljós að ákærði sé sviptur ökuréttindum.

Í málinu liggur fyrir upplýsingaskýrsla lögreglumanns nr. H1906 þar sem greint er frá aðkomu hans að málinu, en hann hafi orðið var við ökumann bifreiðarinnar [...] við Krambúðina á Selfossi. Maðurinn hafi sjáanlega verið undir áhrifum áfengis eða fíkniefna, en hann hafi sest undir stýri framangreindrar bifreiðar og ekið henni eftir Engjavegi til austurs. Lögreglumaður nr. H1906 hafi fylgt bifreiðinni eftir, en misst sjónar á henni þar sem hún ók inn Grenigrund. Þá hafi hann séð lögreglubíl á eftir sér, hringt aftur og látið vita hvert ökumaðurinn fór.

Í málinu liggja fyrir matsgerðir Rannsóknarstofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði. Samkvæmt niðurstöðu matsgerðar dags. 8. maí 2025, mældist vínandamagn í blóði ákærða 0,96%, en samkvæmt niðurstöðu matsgerðar dags. 13. júní s.á. mældist 250 ng/ml af amfetamíni og 35 ng/ml af kókaíni í blóði ákærða.

### **Framburður ákærða og vitna við aðalmeðferð**

Ákærði kom fyrir dóminn og gaf skýrslu. Ákærði kvaðst lítið muna eftir atvikinu umræddan dag. Hann kvaðst hafa verið staddur á Hótel Selfoss en hann hefði verið fastur þar í einhvern tíma þar til að bílstjórinn hans, vitnið A, hefði komið og sótt hann og bílinn

hans. Ákærði hefði hringt í hann um einni og hálfri klukkustund áður og beðið hann um að sækja sig, en þá hefði bíll ákærða verið lagður við hótelið. Förl hans hafi verið heitið heim þegar hann var handtekinn. Aðspurður kvað ákærði mögulegt að hann hefði stoppað í búð á leiðinni. Aðspurður um hvers vegna ákærði hafi ekki gefið upp nafnið á ökumanni bifreiðarinnar þegar lögregla hafði afskipti af honum umrætt sinn skýrði ákærði frá því að hann hefði látið A hafa fíkniefnin sín og A hefði svo hlaupið í burtu með þau. Hann hafi ekki viljað að lögreglan tæki A en ákærði hefði hringt í A sem hefði ekki svarað honum í símann. Aðspurður um hvers vegna ákærði hefði ekki látið ákæruvaldið hafa upplýsingar um þetta vitni í málinu eða upplýst dóminn um tilvist vitnisins kvaðst ákærði hafa talið að málið yrði fellt niður því honum hafi fundist þetta „galið“, enda hafi hann ekki verið að keyra bílinn. Kvað hann svo vera jafnvel þótt honum hefði verið birt ákæra vegna málsins. Aðspurður um tengsl ákærða og A kvað ákærði A hafa unnið hjá frænda hans, en svo stuttu síðar hafi þeir farið að vinna saman hjá nánar tilgreindu verktakafyrirtæki. Aðspurður um ferðir bifreiðarinnar í umrætt sinn skýrði ákærði frá því að hann hefði talið sig sjá strák sem hann kannaðist við sem hefði „nauðgað mikið af stelpum“ og viljað elta hann. Þeir hafi ekki náð honum, en honum hefði dottið í hug að lögreglan kæmi stuttu síðar, þannig hann hafi sagt A að leggja bílnum og koma sér í burtu. Hann hefði verið í aftursæti bílsins þegar hann hafi séð lögregluna nálgast, en það hafi verið löngu eftir að A yfirgaf bifreiðina. Hann hafi ekki orðið var við lögregluna þegar þeir hafi verið við akstur.

Lögreglumaður nr. N2485, áður H1906, kom fyrir dóminn og gaf skýrslu. Hann kvaðst hafa verið staddur í verslun Samkaupa og fundist hegðun einstaklings við afgreiðsluborðið vera einkennileg. Aðspurður kvað hann einstaklinginn hafa verið öran að sjá. Hann hafi ákveðið að hinkra fyrir utan verslunina til að athuga hvort viðkomandi væri akandi eða gangandi, en þar sem hann reyndist vera akandi hafi vitnið hringt á lögreglu. Aðspurður kvaðst vitnið hafa séð ákærða setjast í ökumannssæti bifreiðarinnar. Hann hafi elt bifreiðina til að kanna hvert hún væri að fara og skilið við hana þegar lögreglan var á leiðinni. Aðspurður kvaðst hann þekkja ágætlega til viðkomandi aðila og hafa þekkt hann í sjón, en um hafi verið að ræða ákærða. Hann hafi ekki þekkt ákærða með nafni og hefði ekki haft afskipti af honum í starfi. Aðspurður skýrði vitnið frá því að hann hefði séð ákærða ganga út úr versluninni, stíga inn í bifreið, þ.e. bláan Jagúar, og keyra af stað. Hann hafi ekki séð aðra aðila inni í bílnum á bílplaninu. Um hafi verið að ræða bjartan dag og birtuskilyrði fín. Framandi bifreiðarinnar hafi snúið að versluninni

og hann hafi séð vel inn um framrúðu hennar. Vitnið hafi ekki séð inn í bílinn þegar hann var við akstur og því teldi hann sig ekki geta fullyrt hvort aðrir aðilar hefðu verið í bifreiðinni við akstur hennar. Hann hafi haft sjón á bifreiðinni austur meðfram Engjavegi þar til hann skildi við bílinn við Grenigrund, en hann hafi ekki fylgt bifreiðinni inn þá götu þar sem hann hafi séð lögreglubíl í baksýnispeglinum. Hann viti ekki hvort lögreglubifreiðin hafi beygt strax inn Grenigrund. Hann hafi ekki séð ákærða yfirgefa bílinn og taldi sig ekki geta sagt til um hvort ökumaður bifreiðarinnar hafi verið meðvitaður um að það væri verið að elta sig. Þá staðfesti vitnið ritun upplýsingaskýrslu vegna málsins, en hann kvaðst ekki hafa komið að málinu að öðru leyti.

Lögreglumaður nr. N2435, áður H1859, kom fyrir dóminn og gaf skýrslu. Vitnið kvaðst hafa verið við almennt eftirlit á Selfossi þegar hún hafi fengið símtal frá lögreglumanni á frívakt um mann í annarlegu ástandi sem hefði sest upp í bláa bifreið og byrjað að keyra. Sá lögreglumaður hafi farið á eftir honum og leiðbeint þeim í hvaða átt bifreiðin væri að fara. Þau hefðu farið á eftir bifreiðinni og komið að henni þar sem henni var lagt við Grenigrund, en ákærði hefði þá staðið nokkrum metrum frá bifreiðinni. Hann hafi verið í annarlegu ástandi og illa hafi gengið að ræða við hann. Þau hafi spurt ákærða hvort hann hefði verið að keyra. Ákærði hafi neitað því og sagt vin sinn hafa verið að keyra, en ákærði hafi þó sjálfur verið með bíllyklana á sér. Ákærði hafi hringt í umræddan vin, en vinurinn hafi ekki svarað símanum. Hafi þau þá handtekið ákærða. Aðspurð kvaðst vitnið fyrst hafa séð bifreiðina þar sem henni var lagt við Grenigrund, en hún minntist þess ekki að hafa séð bifreið framangreinds lögreglumanns á frívakt. Hún hafi þó ekki vitað á hvers kyns bifreið lögreglumaðurinn hafi verið. Aðspurð kvaðst vitnið ekki hafa séð neinn annan á vettvangi eða á hlaupum frá vettvangi. Vitnið kvaðst ekki muna hvort ákærði hafi gefið upp nafn eða símanúmer hjá vini sínum á vettvangi eða hvort frekari tilraunir hafi verið gerðar til að fá upplýsingar um auðkenni meints ökumanns. Þá kvaðst hún ekki muna hvort afturhurð bifreiðarinnar hafi verið opin þegar þau komu á vettvang. Þá staðfesti vitnið ritun frumskýrslu vegna málsins.

Lögreglumaður nr. N2418, áður H1686, kom fyrir dóminn og gaf skýrslu. Hann kvaðst hafa verið á vakt með lögreglumanni nr. N2435, en hún hafi fengið símtal frá lögreglumanni á frívakt sem hafi upplýst þau um að ákærði væri í annarlegu ástandi og við akstur á bláum Jagúar. Þau hafi svipast um eftir bílnum og fljótlega aftur fengið símtal frá framangreindum lögreglumanni sem hafi upplýst þau um að ökumaðurinn hafi beygt inn Grenigrund. Þau hafi þá verið nýkomin fram hjá afleggjaranum, snúið við og keyrt

inn Grenigrund, þar sem hann hafi séð bifreiðina lagða innst í botnlanganum og ákærða standa þar úti, rétt hjá bílnum, að ganga í áttina frá bílnum. Vitnið hafi séð að ákærði væri ör og órólegur. Hann hafi spurt ákærða hvort ákærði hafi verið að keyra, sem ákærði hafi svarað neitandi og kveðið vin sinn hafa verið ökumann bifreiðarinnar. Vitnið hafi þó ekki séð neinn annan á vettvangi. Í kjölfarið hafi vitnið boðið ákærða að stíga inn í lögreglubifreiðina, sem ákærði hafi neitað, en skömmu eftir það hafi vitnið tilkynnt ákærða að hann væri handtekinn vegna gruns um akstur undir áhrifum vímuefna. Ákærði hafi hringt í lögmann sinn, sem hafi tjáð ákærða að hann skyldi verða við fyrirmælum lögreglu, sem ákærði hafi svo gert. Við handtökuna hafi ákærði sýnt nokkurt viðnám og á leiðinni á lögreglustöðina hafi ákærði hreytt alls kyns fúkyrðum í vitnið, en þegar þangað var komið hafi ákærði farið í blóðsýnatöku. Aðspurður skýrði vitnið frá því að hann hefði spurt ákærða hver hefði verið að keyra en ákærði hefði ekki svarað því. Aðspurður kvaðst hann ekki hafa séð bifreið ákærða í akstri en hann kvaðst ekki muna hvort þau hafi orðið vör við bifreið framangreinds lögreglumanns á frívakt. Aðspurður kvaðst vitnið ekki muna hvort afturhurð bifreiðarinnar hafi verið opin, en hann hafi þó ekki þurft að loka henni á leið sinni aftur í lögreglubílinn. Aðspurður kvaðst vitnið ekki muna hvort ákærði hafi verið beðinn um að sýna í hvern hann hringdi á vettvangi, en vitnið taldi þó að ef hann hefði fengið að sjá símann hefði hann munað eftir því og skrásett það.

Vitnið A gaf skýrslu fyrir dóminum í gegnum fjarfundarbúnað. Vitnið kvaðst hafa verið ökumaður bifreiðarinnar í umrætt sinn, en langt sé um liðið og hann muni lítið eftir þessu. Bifreiðin hafi verið blá á lit og af tegundinni Jagúar. Aðspurður kvaðst hann ekki þekkja til á Selfossi. Vitnið hafi hitt ákærða á hóteli á Selfossi, en hann hafi ekið bíl ákærða. Aðspurður um tildrög þess skýrði vitnið frá því að ákærði hefði hringt í sig og beðið vitnið um að sækja sig á hótél á Selfossi og keyra sig heim, en þá hefði vitnið verið statt í Reykjavík. Hann hafi þá ekið sínum bíl á Selfoss. Hann muni ekki um hvaða hótél hafi verið að ræða. Hann hafi stöðvað bifreiðina við verslun í bænum, eða nokkrum götum frá búðinni, en þar hafi hann yfirgefið bifreiðina og ákærða í henni þar sem ákærði hafi reiðst, öskrað og verið orðljótur. Reiði ákærða hefði þó ekki beinst að vitninu sérstaklega. Aðspurður um umhverfið þar sem hann lagði bílnum kvað hann að það hafi verið íbúðabyggð og skóli og slíkt „langt í burtu“. Aðspurður um hvort þeir hafi stoppað í búð kvað vitnið svo vera, en þar hafi ákærði farið inn og verslað sér eitthvað, en vitnið

beðið í bílnum á meðan. Aðspurður um hvort þeir hafi farið inn í íbúagötu kvað vitnið að hann teldi svo vera, en þeir hafi farið þangað til að leggja bílnum.

Nánar aðspurður skýrði vitnið frá því að ákærði hefði ekki verið í bifreiðinni allan tímann. Aðspurður kvaðst vitnið ekki muna nákvæmlega hvaða dag hann hafi verið beðinn um að sækja ákærða á hótelið, en hann hafi oft sótt ákærða og ekið honum. Honum sé þetta tilvik minnisstætt þar sem hann hafi aðeins einu sinni eða tvisvar komið á Selfoss og þetta hafi verið það skipti. Atvikið hafi átt sér stað um miðjan dag á föstudegi og það hafi verið fallett veður úti þennan dag.

### **Forsendur og niðurstaða**

Samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála hvílir sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag á ákærvaldinu og verður hann því aðeins sakfelldur að nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, teljist fram komin um hvert það atriði er varðar sekt, sbr. 1. mgr. 109. gr. sömu laga. Þá metur dómari við úrlausn máls sönnunargildi framburðar ákærða, þar á meðal trúverðugleika hans, en í því sambandi skal m.a. hugað að ástandi og hegðun ákærða við skýrslugjöf og stöðugleika í frásögn hans, sbr. 115. gr. laga nr. 88/2008. Sams konar regla gildir um mat dómara á sönnunargildi vitnisburðar við úrlausn máls, en við það mat skal m.a. tekið tillit til afstöðu vitnis til ákærða, minni, ástandi og hegðun vitnis við skýrslugjöf, öryggi þess og skýrleika í svörum og samræmi í frásögn, sbr. 126. gr. sömu laga.

Í málinu er ákærða gefið að sök umferðarlagabrot með því að hafa þann 4. maí 2025 ekið bifreiðinni [...] sviptur ökurétti og undir áhrifum vímuefna. Ákærði hefur frá upphafi neitað sök og vísað til þess að annar maður hafi ekið bifreiðinni umrætt sinn, en það var þó ekki fyrr en í skýrslugjöf ákærða fyrir dómi þar sem ákærði benti á vitnið A sem ökumann bifreiðarinnar. Hefur ákærði gefið á því þær skýringar að hann hafi talið að málið yrði fellt niður, jafnvel eftir að honum var birt ákæra og fyrirkall vegna málsins. Þykir framburður ákærða ótrúverðugur, einkum þegar litið er til framburðar annarra vitna, ekki síst vitnisins A, líkt og síðar er rakið.

Samkvæmt upplýsingaskýrslu lögreglumanns nr. N2485 varð hann var við ökumann bifreiðarinnar [...] við Krambúðina á Selfossi, þar sem hann hafi sjáanlega verið undir áhrifum vímuefna. Lögreglumaðurinn hafi orðið vitni að því er ákærði hafi sest undir stýri bifreiðarinnar og ekið henni eftir Engjavegi til austurs, en

lögreglumaðurinn hafi fylgt bifreiðinni eftir þar til hann missti sjónar af henni þar sem hún ók inn Grenigrund. Á meðan á þessu stóð hafi lögreglumaðurinn tvívegis haft samband við lögreglumann nr. N2435 símleiðis og upplýst hana og lögreglumann nr. N2418 um ferðir bifreiðarinnar. Þegar bifreiðin hafi beygt inn Grenigrund hafi lögreglumaðurinn séð lögreglubifreið keyra fyrir aftan sig og hætt eftirförinni. Við aðalmeðferð málsins gaf lögreglumaður nr. N2485 vitnaskýrslu fyrir dóminum þar sem hann staðfesti framangreint. Þá upplýsti hann um að hann hefði séð ákærða setjast inn í ökumannssæti bifreiðarinnar [...] við Krambúðina á Selfossi og aka af stað, en enginn annar hefði verið í bifreiðinni umrætt sinn.

Fyrir dóminn komu einnig lögreglumenn nr. N2435 og N2418 og gáfu vitnaskýrslu. Bar þeim saman um atvik í öllum megindráttum og var framburður þeirra beggja í samræmi við það sem fram kemur í frumskýrslu lögreglu vegna málsins. Af framburði þeirra, sem og frumskýrslu lögreglu, að dæma er ljóst að þau stóðu ákærða ekki að akstri, en komu að ákærða þar sem hann stóð einn í örskotslengd frá bifreiðinni. Af vitnisburði lögreglumanna nr. N2485 og N2418 verður ráðið að örskammur tími hafi liðið frá því að bifreiðinni [...] var ekið inn Grenigrund og þar til lögreglumenn komu á vettvang, en lögreglumaður nr. N2485 skýrði frá því fyrir dómi að hann hafi hringt í annað sinn í lögreglumann nr. N2435 þegar bifreiðin beygði inn Grenigrund og þá séð lögreglubifreið í baksýnispegli bifreiðar sinnar. Þá skýrði lögreglumaður nr. N2418 frá því að þegar téð símtal barst frá lögreglumanni nr. N2485 hafi hann og lögreglumaður nr. N2435 verið „nýkomin fram hjá afleggjaranum“ að Grenigrund. Þau hafi því snúið við og komið að ákærða við kyrrestæða bifreiðina skömmu síðar. Þá hafi þau ekki séð neinn annan á vettvangi eða á hlaupum frá vettvangi, en um opið svæði hafi verið að ræða og birtuskilyrði góð. Þykir framburður framangreindra lögreglumanna fyrir dómi vera trúverðugur, en ekkert er fram komið í málinu sem er til þess fallið að draga úr sönnunargildi framburðar þeirra. Aftur á móti þykir framburður ákærða þess efnis að hann hafi beðið um nokkra stund í aftursæti bifreiðarinnar eftir komu lögreglu á vettvang, sem hafi verið „löngu“ eftir að vitnið A hljópst á brott, með talsverðum ólíkindum.

Við mat á framburði vitnisins A er til þess að líta að einhvers konar vinatengsl eru á milli hans og ákærða, en af skýrslugjöf ákærða og vitnisins má ráða að þeir starfi saman, auk þess sem þeir eigi sjálfstætt samband utan vinnu. Vitnið greindi frá því fyrir dómi að ákærði hefði hringt í sig og beðið hann um að sækja sig á Selfoss til að aka sér heim, sem hann hafi og gert, en vitnið kvaðst þá hafa verið statt í Reykjavík. Hann hafi

svo stöðvað bifreið ákærða við verslun í bænum, eða nokkrum götum frá búðinni, og yfirgefið bifreiðina þar sem ákærði hefði reiðst, öskrað og verið orðljótur. Tilgreindi vitnið sérstaklega að reiði ákærða og fúkyrðaflaumur hans hefði þó ekki beinst að sér. Síðar í skýrslugjöfinni kvaðst vitnið hafa keyrt inn íbúagötu í þeim tilgangi að leggja bílnum, en aðspurður um nærumhverfi vettvangsins skýrði vitnið frá því með óljósum hætti að þar hafi mátt sjá skóla og slíkt „langt í burtu“. Þykir framburður vitnisins ótrúverðugur, en nokkurs ósamræmis gætir innbyrðis í framburði hans. Þá verður ekki fram hjá því litið að verulegt ósamræmi er á milli framburðar vitnisins og framburðar ákærða um ýmis atriði, svo sem ferðir bifreiðarinnar og ástæðu þess að A hafi haft sig á brott frá vettvangi, en ákærði kvað A hafa yfirgefið bifreiðina í kjölfar þess að hann hafi látið A hafa fíkniefni í sinni eigu og beðið hann um að hlaupa á brott með þau. Með hliðsjón af framangreindu verður ekki byggt á framburði vitnisins við úrlausn máls þessa.

Að framangreindu virtu verður ekki véfengt með skynsamlegum rökum að ákærði hafi verið ökumaður bifreiðarinnar umrætt sinn. Samkvæmt fyrirliggjandi matsgerðum rannsóknarstofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði verður lagt til grundvallar að vínandamagn í blóði ákærða hafi verið 0,96%, en amfetamínmagn í blóði hans hafi numið 250 ng/ml og kókaínmagn 35 ng/ml. Hafi ákærði því verið óhæfur til aksturs bifreiðarinnar í umrætt sinn. Telst því sannað að ákærði hafi gerst sekur um þau brot sem í ákæru greinir og eru þau réttilega heimfærð til refsíákvæða.

Ákærði er fæddur í [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dagsettu 10. september 2025, var ákærða gert að sæta fangelsi í 10 mánuði, skilorðsbundið til þriggja ára, með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 18. mars 2016, m.a. vegna aksturs undir áhrifum vímuefna. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness 28. febrúar 2017 var ákærða gert að sæta fangelsi í 18 mánuði vegna ýmissa brota, þ. á m. aksturs undir áhrifum vímuefna og aksturs sviptur ökurétti. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness 9. nóvember 2018 var ákærða gert að sæta fangelsi í 10 mánuði, m.a. vegna aksturs sviptur ökurétti. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness 9. júlí 2021 var ákærða gert að sæta fangelsi í 6 mánuði vegna ýmissa brota, þ. á m. aksturs undir áhrifum vímuefna og aksturs sviptur ökurétti. Voru fjórir mánuðir refsingarinnar skilorðsbundnir til þriggja ára. Með dómi Héraðsdóms Suðurlands 21. október 2022 var ákærði dæmdur til að sæta fangelsi í sex mánuði vegna aksturs sviptur ökurétti, en þar af voru fjórir mánuðir refsingarinnar bundnir skilorði til tveggja ára. Að öðru leyti hefur sakaferill ákærða ekki þýðingu við úrlausn máls þessa.

Í samræmi við framangreint verður við ákvörðun refsingar í máli þessu lagt til grundvallar að ákærði hafi nú í fjórða sinn, eftir að hann varð fullra 18 ára og innan ítrekunartíma í skilningi 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, gerst sekur um akstur undir áhrifum vímuefna, en í fimmta sinn gerst sekur um akstur sviptur ökurétti.

Með hliðsjón af framangreindu, sakarefni þessa máls, dómvenju og 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 5 mánaða fangelsi. Með vísan til sakaferils ákærða og fastmótaðrar dómvenju á sviði umferðarlagabrota þykja ekki efni til að skilorðsbinda refsinguna.

Með vísan til lagaákvæða í ákæru er ævilöng svipting ökuréttar ákærða áréttuð.

Samkvæmt 235. gr. laga nr. 88/2008 ber að dæma ákærða til greiðslu sakarkostnaðar, en útlagður kostnaður við rannsókn málsins var 189.246 krónur sem ákærða ber að greiða auk málsvarnarlauna og aksturskostnaðar skipaðs verjanda síns, Sveins Andra Sveinssonar lögmanns, eins og nánar greinir í dómsorði.

Sigurður G. Gíslason dómstjóri kveður upp dóm þennan.

#### **Dómsorð:**

Ákærði, Þór Magnússon, sæti fangelsi í 5 mánuði.

Áréttuð er ævilöng svipting ökuréttar ákærða.

Ákærði greiði sakarkostnað alls 579.348 krónur, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveins Andra Sveinssonar lögmanns, sem eru 530.100 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti og einnig þ.m.t. aksturskostnaður verjandans.

Sigurður G. Gíslason